

KB 1M

Árshlutareikningur 30. júní 2008

KB 1M
Borgartúni 19
105 Reykjavík

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastj.	3	Yfirlit um breytingar á hreinni eign	7
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4	Yfirlit um fjárfestingar	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9
Efnahagsreikningur	6		

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Árshlutareikningur KB 1M er hluti af B-hluta árshlutareiknings Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. sem inniheldur árshlutareikning Verðbréfasjóða Kaupþings banka, Fjárfestingarsjóða Kaupþings banka og Fagfjárfestingsjóða Kaupþings banka. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Enginn hagnaður varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu. Eigið fé sjóðsins í lok tímabils nam 624 þús. kr samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. júlí 2008.

Í stjórn félagsins:

Þórarin Sveinsson, stjórnarformaður

Birgir Örn Arnarson

Sigurður Guðmundsson

Framkvæmdastjóri:

Ómar Kaldal Ágústsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til eigenda hlutdeildarskírteina í KB 1M.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning KB 1M fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008, sem hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur sjóðsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að árshlutareikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu hans 30. júní 2008 og breytingu á hreinni eign á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 23. júlí 2008.

KPMG hf.

Reynir Stefán Gylfason

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2008

	Skýr.	2008 1.1.-30.6
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):	2-4	
Vextir, verðbætur, arður og gengismunur		198
Vaxtagjöld	(184)
Hreinar fjármunatekjur		<u>14</u>
Rekstrargjöld:		
Umsýsluþóknun	5	<u>14</u>
		<u>14</u>
Hagnaður tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini		<u><u>0</u></u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2008

Skýr. 30.6.2008

Eignir:

Verðbréf:

Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	3.457
Afleiðusamningur	(52)
Verðbréf samtals 6-10	<u>3.405</u>

Aðrar eignir:

Handbært fé	7
Aðrar eignir samtals	<u>7</u>

Eignir samtals 3.412

Skuldir:

Skuldir við rekstrar- og vörslufélag	(3)
Aðrar skammtímaskuldir	(8)
Útgefin skuldabréf	(3.400)
Skuldir samtals	<u>(3.411)</u>

Hrein eign samtals 1

Eigið fé:

Hlutdeildarskírteini12-13 1

Hrein eign	1
Fjöldi eininga	<u>1</u>
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabils	<u><u>1,04</u></u>

Yfirlit um breytingar á hreinni eign 30. júní 2008

	Skýr.	2008
		1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar:		
Hagnaður tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini		<u>0</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Seld hlutdeildarskírteini		1
Innleyst hlutdeildarskírteini		0
		<u>1</u>
Hækkun á hreinni eign		1
Hrein eign í ársbyrjun		<u>0</u>
Hrein eign í lok tímabils		<u><u>1</u></u>

Yfirlit um fjárfestingar 30. júní 2008

KB 1M	Markaðs- verð	% af eign
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	3.457	101,5%
Afleiðusamningur	(52)	(1,5%)
Heildarverðmæti fjárfestinga	3.405	100,0%
Útgefin skuldabréf	(3.400)	(99,9%)
Aðrar eignir og skuldir	(4)	(0,1%)
Hrein eign samtals	<u>1</u>	

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Árshlutareikningur Fagfjárfestasjóðs Rekstrarfélags Kaupþings Banka hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Sjóðurinn er hluti af Rekstrarfélagi Kaupþings Banka hf. sem er dótturfélag Kaupþings Banka hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Árshlutareikningur sjóðsins er ekki hluti af árshlutareikningi bankans vegna eðli starfseminnar.

Erlendir gjaldmiðlar

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi 30. júní 2008. Rekstrartekjur og rekstargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld

3. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

Arður

4. Arður er færður í rekstrarreikning þegar arðsúthlutun er samþykkt. Fjármagnstekjuskattur vegna arðs af erlendum hlutabréfum er dreginn frá arðstekjum í rekstrarreikningi.

Umsýsluþóknun

5. Sjóðurinn greiðir rekstrarfélaginu fasta þóknun sem er á ársgrundvelli 1,0% af meðalstöðu eigna sjóðsins að frádregnum skuldum (að undanskildum útgefnum skuldabréfum af sjóðnum). Sjóðurinn greiðir rekstrarfélaginu breytanlega eignastýringaþóknun sem nemur þeim hagnaði sem eftir stendur í sjóðnum þegar greidd hafa verið opinber gjöld, rekstrarkostnaður sjóðsins, afborganir skuldabréfa eða lánasamninga sjóðsins og greiðslur skv. skilmálum til hlutdeildarskírteinishafa.

Árleg vörsluþóknun vörslufyrirtækis greiðist af þóknun rekstrarfélagsins. Aðrar viðskiptaþóknanir greiðir sjóðurinn sjálfur.

Fjárfestingar

6. Skuldabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á markaðsverði í lok júní. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni.
7. Hlutabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á markaðsverði í lok júní. Óskráð hlutabréf eru færð á síðasta þekkta viðskiptaverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.
8. Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gildi á markaðnum í lok júní.
9. Bundin innlán hjá lánastofnunum eru uppfærð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í lok júní.

Skýringar, frh.:

10. Afleiður eru fjármálasamningar þar sem samnings- eða nafnverðsfjárhæðir eru ekki færðar í efnahagsreikning sjóðanna, ýmist vegna þess að réttindi og skyldur myndast vegna eins og sama samningsins eða nafnverðsfjárhæðirnar eru eingöngu notaðar sem breytur við útreikning á öðrum stærðum. Nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga gefa ekki endilega til kynna fjárhæð greiðslna sem þeim tengjast eða áhættu þeirra. Sem dæmi um afleiðusamninga má nefna framvirka gjaldmiðlasamninga, valréttarsamninga, skiptasamninga, framtíðarsamninga og framvirka vaxtasamninga. Verðmæti þeirra getur meðal annars byggst á vaxtahlutföllum og verði gjaldmiðla, vöru, skuldabréfa og hlutabréfa.

Afleiðusamningar sjóðanna eru færðir á markaðsverði. Samningarnir eru notaðir til að verja sjóðina gegn vaxta- og gengisáhættu vegna verðbréfa. Með afleiðusamningum sjóðanna er almennt stefnt að því að draga úr verð-, gengis- og vaxtaáhættu þeirra. Afkoma afleiðusamninga er færð í rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Markaðsáhætta afleiðusamninga skapast vegna breytinga á verði þeirra þátta sem samningarnir byggja á, svo sem vaxtabreytingum eða breytingum á verði gjaldmiðla og skráðra verðbréfa.

Skattamál

11. Fagfjárfestastjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutd

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleg

Hlutdeildarskírteini

12. Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina.

	Bókfært verðmæti 30.6.2008	Gengi 30.6.2008
KB 1M	1	1,04

Skýringar, frh.:

13. Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna og fjárfestingarstefnu.

	Eign 30.6.2008	Eign 31.12.2007	Fjárfestingarstefna	
			Lágmark	Hámark
Innlán fjármálafyrirtækja	102	0	0	100
Afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða	-2	0	0	100

14. Sundurliðun fjárfestinga og hlutfallsleg skipting:

	Ríki, sveitarfél. eða alþj. stofn.		Hlutdeildar- skírteini		Annað		Samtals	
	kr.	%	kr.	%	kr.	%	kr.	%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum					3.457	102	3.457	102
Afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða					(52)	(2)	(52)	(2)
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>3.405</u>	<u>100</u>	<u>3.405</u>	<u>100</u>